240
Stk.

18,82



**H. PLATOU & CO. A/S**
**BERGEN**
**VAABEN- & SPORTSFORRETNING**

Hr. Isl. Gislason

Saúdarkroki

Island

# V-i-l-j-i-n-n.

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn.

---

Ritnefnd:
Jón Eiríksson, Magnús Gíslason
Stefán Jónsson

---

Bæjaröð „Viljans".

| | | | |
|---|---|---|---|
| Djúpi-dalur | Kom 31. Jan. | Fór 2. feb. | |
| Grilli-dalur | 2. feb. | 3. | |
| Akrar | | | |
| Höskuldsstaðir | 5 – | 5 – | |
| Miðhús | 5 – | 7 | |
| Þorleifsstaðir | 7 – | 8 – | |
| Vaglar | | | |
| Hrólfsstaðir | | | |
| Miklibær | | | |
| Víðivellir | 21 – | 23 | |
| Flella | | | |
| Miðsitja | 28 feb. – | 3. mars | |
| Sólheimar | | | |
| Úlfsstaðir. | | | |

Félagsmenn eru beðnir að láta blaðið halda vel áfram, og fara vel með það.

Ritnefndin.

# Viljinn

Lestrarfélags blað í Miklabæjarsókn.

| 16. ár | Janúar 1926 | 1. blað |
|---|---|---|

## Viljinn.

Þó nú sé þegar komið fram yfir nýár heilsar „Viljinn" lesendum sínum í fyrsta sinni á þessum vetri. Okkur útgefendunum fellur það illa, að blaðið skyldi ekki geta komið fyr á gang en þetta, og játum það að okkar er sökin að nokkru leyti, að vera ekki ~~fyr~~ búnir að hleypa af stokkunum fyr fyrsta blaðinu, enda höfum við og fengið smá brýningar frá félögum okkar hér, að við legjum á liði okkar, og að „Viljinn" verði eftirbátur „Flugunnar", eða hvað það nú heitir, málgagn þeirra þarna fyrir utan ána, sem þrisvar

veri búinn að fara herför um sína sókn, enda ekki fundið þó hún sé líflegri á hunanginu, þar gera, en „Vilji" Tetrið á harðfiskinum og öðru harðeti, hér í sókn

Ástæður geta verið fyrir öllu og svo þykjumst og við útstjórarnir hafa ástæður fyrir drættinum á útkomu „Viljans", en við ötlum ekki að telja þær hér upp nú, en aðeins geta þess, að enginn félagsmaður hefir að þessu afhent grein í blaðið, enn sem komið er á vetrinum — Við finnum því ástæðu til þess, nú í þessu fyrsta blaði að minna félagsmenn á skyldur sínar gagnvart „Viljanum" og nota nú tímann vel, sem eftir er af vetrinum og skrifa í hann greinar, því ekkert loforð var af útstjórnarinnar hálfu, að halda honum út án styrktar frá öðrum félagsmönnum. Nú er ljóst að eitt af aðalskilyrðum til þess, að nota tímann vel, er ljós hugmynd um tilgang þess sem verið er að vinna að og sem best þekking á skilyrðunum til þess, að ná honum.



— Mun eg því fara hér nokkrum orðum um tilgang sveitablaða yfirleitt.

Það er tvent, sem við beitum aðallega í baráttunni fyrir tilveru vorri, — hönd og andi og því fjölhæfari sem hæfileikarnir eru, því betur erum við útbúnir til þess að komast áfram. Nú sýnir reynslan að eitt aðalskilyrði til þess, að hönd og andi geti notið sín, og náð sem mestri fullkomnun, sé hæfileg og fjölbreytt áreynsla, bæði líkamleg og andleg. Mörgum manninum mun nú finnast að nóg sé verkefni í heimi veröld og vart þörf að auka að óþörfu allar þær áhyggjur og umsvif, sem almenningur verður að hafa fyrir lífinu. Og þetta er að vísu satt. En margar af þeim áhyggjum og umsvifum eru miður vel fallnar til að auka andlegan og líkamlegan þroska og fjölhæfni. Nauðsyn býður því að vér í tómstundum vorum notum tækifærið og þroskum okkar sálargáfur, — má það vera með góðum bóka-lestri

og ennfremur eru úrgjörðir vel til þess fallnar; þær knýja ~~fram~~ oss til skarplegra hugsana og til þess að setja þær í blaðið í sem fegurstum búningi. Þar er og kominn einum aðaltilgangi blaðs vors, sem sé að gefa okkur tækifæri til þess að þroska anda vorn, með því að æfa oss í að setja hugsanir okkar fram í rituðu máli. En auðskilið er, að til þess að ná tilgangi þessum þarf allmikla æfingu, allmikið að skrifa og umfram alt alment í blaðið. – Margir ganga með þær grillur í höfði, að þeir geti ekki skrifað í „Viljann" sökum þess, að þeir séu ekki ritstörfum vanir, aðrir eru um of feimnir til að birta eftir sig nokkur skrif, og telja sér trú um að þeir fullnægi ekki þeim kröfum, sem gjörðar séu til æfðra manna í þeirri grein. En hinsvegar verður þá almenningsálitið að vera þannig, að það gefi ekki ástæðu til þess að menn kynoki sér við, að skrifa í blaðið. Sveitablöðin eiga að vera og skoðast að



nokkru leyti, sem andlegur gróðrarreitur sveitarinnar, þar sem þeim, sem því eru vaxnir, sé skylt að hlúa að hverjum veikbygðum nýgræðingi með kurteisri framkomu og vingjarnlegum andmælum í blaðinu ef þess gjörist þörf en varast að anda að honum hinum napra kuldanæðing hæðninnar, sem er hinn þroskamesti ávöxtur hroka og sjálfsálits og gjörir annaðhvort að koma kyrking í nýgræðinginn eður þá þroska hann til óskapnaðar, sem ritdeilur sprottnar af hefnigirni og persónulegum hvötum eru.

Fáir munu þeir menn vera, sem lifa hugsjónalausu lífi. Sú mikla vera, sem alheimi ræður, reisir gnægð boða á lífsins sjó, sem bera að sálarströndum hvers manns hljómblæ vits, göfgi og ástar – þeirra afla, sem fegurst og sterkust eru í tilverunni – þótt þeir boðar rísi með mismunandi þrótti í hugum manna. Þeir færa nýtt líf, nýjan

þróast í huga einstaklinganna og hugsjónir fæðast. Mörgum manninum kemur oft það í hug, sem til framfara má verða, en það liggur óhreyft í huganum sökum þess, að ekkert sérstakt tæki-færi býðst til þess að hreyfa því. Og svo get-ur farið að mörg góð hugsun, sem fæðist, fjúki út í veður og vind – komi aldrei fyrir manna sjónir af þeirri ofnefndu ástæðu. En með sveitablaði býðst tækifæri til að bera hugsunina fram til lífsins, grípa hugmyndina glóðvolga og birta hana í blaðinu, svo að sem flestir fái hennar notið. Þar er hún svo tekin til frekari umræðu og athugunar og ef málefnið er þess vert og ástæður leyfa er leitast við að fram-fylgja því í verkinu, og þótt málefnið fái nú ekki góðan byr, þá er góð vísa sjaldan of oft kveðin og oftast má ganga að því vísu að skynsamlegar athuganir og uppá-stungur gjöri eitthvert gagn. Einn af félags-mönnum vorum sagði mér á dögunum frá



hugsjón, sem hann bar í brjósti um aukna samvinnu meðal bænda, hann sagði að sig langaði til að bera hana fram í „Viljanum" en hann komi sér þó ekki fyrir með það. Mér þótti hún svo góð að eg feginn hefði viljað bera hana fram ef eg ekki vildi unna honum þess sjálfum, sem eg og vona að hann gjöri og svo geta fleiri átt gott í fórum sínum. Með því að birta slíkar greinar nær „Viljinn" tilgangi sínum, að efla hag sveitarinnar.

Ýms mál sem liggja fyrir í sveitarfélaginu á beinlínis að ræða í „Viljanum". Almenningi gefst þá kostur á að kynnast málunum, það getur flýtt fyrir þeim og stutt að því að þau verði vandlegar athuguð, en á stuttum og oft fámennum fundum. En aðalskilyrðið til þess að þær umræður komi að notum, er það, að vér beinum þeim að kjarna málsins, en vör-umst að gjöra langar orðasennur um hismið eða þau atriði málsins, sem fyrir það hafa litla

eda enga þýdingu. — Það er til þess að vita, hvað menn spilla oft sjálfir ávöxtum verka sinna með ósamlyndi sem er sprottið af smámunalegri tilfektarsemi og ímynduðum skoðanamun, tortryggni og fleiri slíkum kvötum. Það er afleiðing þess hvað menn íhuga málin óvandlega. Væri hugsjónirnar að veði? Ef menn skoðuðu málin frá sem flestum hliðum og leituðust við að setja sig í spor andmælenda, til þess að geta sem best séð hvernig málið lítur út, og hvort ekki sé þá neitt, sem mælir með hans skoðun, þá mundu umræður vorar verða farsællega til lykta leiddar.

Þá er það og einn tilgangur sveitablaða að skemta lesendum sínum. Það geta þau og gjört með því, að flytja sögur, kvæði og fleira, sem fólk hefir gaman af. Flestum er svo varið, að þeir hafa skemtun af að lesa útgjörðir, hvort heldur þær eru fræðandi eða



snerta einhver almenn málefni. Og útgjörðir í sveitablöðum eru mönnum hugðnæmari en annað, sama efnis, sökum þess að þær eru sprottnar upp úr hoplendinu í kringum mann, eftir menn sem við þekkjum persónulega vel, og það eru einmitt þessar útgjörðir, sem leiða ýmislegt í ljós, í hinu andlega gróðrarríki umhverfis oss, sem annars mundi vera hulið, og vér munum oss til mikillar ánægju, líta þar oft margan fagran gróður, sem sé prýði sveitar vorrar, munu þá oft koma úr kafinu talsvert þroskaðar hugsjónir og göfugar tilfinningar, þar sem vér sáum ekki annað en kulda og hversdagsblæ yfir öllu.

Með þessum nýja áhuga skorar „Viljinn" á ykkur, menn og konur, að þið hefjist handa, hristið af ykkur deyfðina, horfið með skarpskygni yfir ykkar andans lönd, og leitið að hvort þið eigið þar ekki fögur blóm — blóm sem þið hafið hlúð að og þroskað

og tekið ástfóstri við, látið andvara kærleiks-ríkra hugsjóna bera svif fræ frá bikurum þeirra yfir landamærin, yfir á akurrein ná-unga ykkar, sem á ef til vill engan svo fagr-an gróður. Að þau megi festa þar rætur og bera blöð blóm og fræ, honum til ánægju og yndis, líkt og ykkur.

„Viljinn" vill með ánægju vera boðberinn á milli fjölendanna. Hann vill minna ykkur á að þið hafið kosið hann til þess starfs og þá um leið skuldbundið ykkur til þess að láta hann hafa nóg að flytja. Þið megið ekki þvo hendur ykkar þegjandi og hugsa sem svo: „Við höfum útvegað „Viljanum" ritstjórn, sjái hann fyrir því. Slíkt væri van-hugsun ein, og fjarri því marki sem stefnt er að. Við verðum öll að hreyfa huga og hönd, til þess að gjöra hann færan til að ná markmiði sínu, að efla félagsskap og samlyndi milli einstaklinganna, sem er



hinn tryggasti grundvöllur farsældar og framfara á jörðu hér.

Magnús Gíslason.

# Dalsár-eyrar

Vitið þér? Í Djúpa-Dal
dís og norn um völdin stríða.
Engum landsins lögum hlýða.
Liggja í sátri um gljúfra sal.
Gyðjan dregur fána á fal —
fenjan lætur kylfur ríða. —

Löngum ríkti friður þar.
Fenjan sat að skugga leitum,
gyðjan stýrði gróðrar reitum —
girðing beggja áin var.
Nornin grjót í gljúfrið bar,
geislum dísin stráði heitum.

Gyðjan stöðugt gróður jók
grundir lágu að býlum skatna;
alt frá hlíð til Héraðs-vatna
hennar ríki yfir tók.
Heiðlug fenjan höfuð skók,
hét að kjör sín skyldu batna.

Vann í kyrþey voða starf:
veitti á í fjölda skálar
braut sér ruddu átal álar.
— Afleiðing ei skýra þarf —
Dísin síðan á það arf
aðeins gisnar tór og strjálar.

Langt er síðan græna grund
grimmúðg vatnsnorn eyðilagði
og á skömmu augabragði
eyrum jós með kaldri lund,
kramdi blóm á banastund
beiskan glotti við — en þagði.



Þungt og lengi gyðjan grét.
Gróður bjó í hverju tári
sem á liðnu alda ári
eftir fagrar menjar lét.
Grösum skrýdist fet og fet
fyllist jarðveg lína og skári.

Lengi mun í Djúpa-Dal
dís og norn um völdin stíma.
Þó mun eflaust einhverntíma
engi prýða sléttri val.
Gyðjan veifa fána á fal —
Fenjan hefi við vélar glíma.

[Sumarið 1924]

Maria Rögnvaldsdóttir

## Staka

Stýður hjóli á stræti skygð
stjarnsett átta kögur
sefur dróttt um breiða bygð
björt er nótt og fögur. (Í nóv 1924) M.R.

## Vorharðindi

—

Ei er fagurt út að líta
illar hörgur flekki hvíta
Maí dökkur brettir brár.
Öskrar Kári ilsku blandinn
upp í bræði rífur sandinn.
Kembir hrjúka gólpur grár.

Þó að sól á skjáinn skíni
skamma stund og inni hlýni
úti er tapast ferðafært.
Ýmist fjúk með ösku roki
eða pussa belgings hroki
svo að skepnum varla er vært.

Vík þú fyrir vorsins gyðju
vetrarnorn, svo glöð til iðju
gangi hún í gullnum feld



Geymdu þína galdra stafi
geymdu þráð með fyrirvafi
svo það ei við sólar eld.

(Í maí 1924)

María Rögnvaldsdóttir.

—

## Kveðja

—

Í kvöld, er himin faðmar fjalla skörðin
en fell og tinda aftan geislar krýna
og blessuð sólin syndir yfir fjörðinn
— þá sendi eg þér hjartans kveðju mína.

Og þegar sólin sígur niður í ægi[n]n
og safna blómin inn til grænna hlíða,
þá ætla eg að biðja næturblæinn,
að bera hana út á djúpið víða.

X.

# Brúðkaupssiðir Galisíumanna

—

Kafli sá, sem hér fer á eftir, er tekinn úr bréfi frá Stefáni bróður mínum, skrifuðu frá Nýja-Íslandi 14. nóv. síðastl. Hann var einn af boðsgestum í brúðkaupi hjá þjóðflokki þessum í Ameríku, nú s.l. haust.

Vegna þess að siðir hjá þeim eru nokkuð sérkennilegir, datt mér í hug, að lesendur „Liljans" hefðu máske gaman af að heyra póstinn og birti eg hann því hér orðréttan.

Verið gæti líka að sumir þeir ógiftir vildu taka upp siði þessa, a.m.k. virðist mér að þeir, að sumu leyti, séu ekki mjög fráfælandi.

Jón. Eiríksson.

— ‥ — — ‥ — — ‥ — — ‥ —

Eg gæti trúað að ykkur þætti



gaman að heyra ~~dálitla~~ dálitla pósta um Galisíumennina, sem búa í stórum hópum hér í kring. — Það er þá það fyrsta, að flestir Gallar eru á fremur lágu menningarstigi og þar af leiðandi eru oft og tíðum manndráp og misþyrmingar hjá þeim innbyrðis, enda hafa landar fremur horn í síðu þeirra og líta niður á þá, en það út af fyrir sig, finst mér ekkert sérkenni þeirra, því slíkt er engin nýlunda hér í Ameríku.

En það er viðvíkjandi hjúskaparmálum, sem þeir skara fram úr, að mörgu leyti, að mínum dómi. — Það er kanske hægt að kalla það „praktisk" hjónabönd hjá þeim, auðvitað fer það eftir því, hvernig hver um sig lítur á málið. Hjá þeim er stúlkan gjafvaxta 14 ára. Langi nú einhvern ungan og upprennandi mann, ~~að~~ til að festa sér konu, þá fer hann

heim á heimili brúðarinnar og biður karlinn að gefa sér hana, en gangi það ekki, þá borgar hann einhverja fjárupphæð og þá gengur það vanalega fyrir sig. En jafn-framt áskilur brúðguminn sér rétt til að sofa hjá brúðarefninu í viku og líki hon-um við hana, en kaupin afgerð.

Eg hefi orðið svo frægur að vera í einni brúðkaupsveislu hjá Göllunum, sem haldin var hér 6 mílur í burtu, annars er það afar sjaldgæft að annara þjóða menn fái að koma þar, því þeir hafa sína siði og „serimoníur" út af fyrir sig og kæra sig ekki um neina óviðkomandi — Það var fyrir sérstaka tilviljun, að eg lenti í þessu hófi. Eg var með einum Galla í þreskingu í sumar, allra besta strák, en sumir sem þar voru höfðu horn í síðu hans, sérstaklega tveir enskir, sem voru honum hálfbölvaðir. Einu sinni fældu þeir hestana fyrir honum



með vagninum og hefði sjálfsagt farið illa ef eg hefði ekki verið þar skamt frá og get-að stoppað þá fyrir hann. Eftir það var eg hans besti vinur. Hann á heima hér í Nýja-Íslandi og núna á dögunum hitti eg hann á Gimli, þá sagði hann mér að bróð-ir sinn ætlaði að fara að gifta sig og hann væri að kaupa bjór til veislunnar. Eg fór eitthvað að hafa orð á því við hann, að það væri gerandi að komast í það „Compani". Hann sagði þá strax, að hann skyldi spyrja bróður sinn, hvort eg mætti ekki koma. Svo tveimur dögum seinna, þá kom hann hingað og sagði mér, að eg væri velkominn. En jafnframt gaf hann mér þær upplýsingar að brúðkaupsveislur hjá þeim stæðu æfinlega í tvo sólarhringa, fyrri daginn á heimili brúðarinnar, en þann síðari hjá brúðgum-anum. Eg lét mér nægja einn dag og kaus seinni daginn á heimili brúðgumans. En

sannast (að segja var ég hálfsmeikur að fara einn, því landar hafa oft sagt mér að þessar brúðkaupsveislur þeirra endi oft með illindum og slagsmálum.

Ég kom því þannig fyrir að tveir nágrannar mínir hér, Stefán Eldjárnsson og Daníel Bjarnason, sem báða dauðlangaði til að fara, keyrðu mig á bíl, og voru allan tímann úti.

Fyrst þegar við komum á staðinn um kl. 6. síðd. þá var víst flest af boðsfólkinu komið, og hefir það svarað því að vera, um 80-90 manns.

Okkur var strax boðið inn og fyrsta kveðjan var að 3 hljóðfæraleikarar komu fram að dyrunum á móti okkur, og réttu hljóðfærin til okkar, sem voru fiðla, harpa og trumba.

Við vorum fyrst í vafa um hvað þetta ætti (að þýða, héldum jafnvel að þeir ætluðust til, að við færum (að spila, en þá kom kunningi minn Gallinn til hjálpar, og sagði að þetta væri siður hjá þeim, þeir væru að



bjóða okkur velkomna, og við ættum að láta nokkur cent hver, inn í hljóðfærin, sem við gerðum alls umsvifa laust.

Þessu næst kom brúðguminn með flösku eina afar mikla, fulla af brennivíni heima tilbúnu, sem þeir kalla „vodka". (Brennivínið búa þeir til úr kartöflum korni og rúsínum). Það er þeirra þjóðdrykkur og stórt staup og skeinkti okkur sín 2 staupin hverjum.

Við þremenningarnir vorum búnir að koma okkur saman um það, að taka vel eftir öllu, til þess að forðast að okkur yrði nokkur skyssa á, og reyna (að líkja sem mest eftir þeim, því báði vissum við það, að þeir eru fljótir til (að reiðast og eins var búið að segja okkur það, að þessar veislur þeirra, væru ein kredda frá upphafi til enda, sem við komumst að raun um að var satt.

En nú kom strax babb í bátinn; vesalings Daníel var sem sé aðsti templar í

stúkunni „Hekla“ í Vinnipeg, en svo varð annað hvort að hrökkva eða stökkva, þegar staupið kom og hann tók þann kostinn að gera því full skil, gegn því að við lofuðum órjúfandi þagmælsku.

Veislustofan var öll þakin myndum úr biblíunni og ótal dýrðlingamyndir, sem allar voru skreyttar blómum. Innst við gaflinn sátu brúðhjónin, sitt hvoru megin við langt borð, með sinn diskinn hvort fyrir framan sig, og sín brennivínsflaskan og staupið hjá hvoru um sig.

Nú er það siður þeirra, að allir sem í veisluna koma, gefa brúðhjónunum eitthvað, flestir 1 dollar og sumir meira eða minna og leggja þá á diskinn fyrir framan hvort þeirra, sem gefið er, og fá í staðinn 2 kossa og eitt staup af „vodka“. – Okkur Daníel kom strax saman um það, að það væri sjálfsagt fyrir okkur, að gefa heldur brúð-



urinni okkar hlut og fá kossana hjá henni frekar en stráknum, en nafna mínum þótti það ekki tilhlýðilegt fyrir sig, af því hann væri giftur maður. Og þetta varð úr. Við gengum hátíðlega upp að borðinu og lögðum sinn dollarinn hver á diskinn og fengum kossana og staupið vel úti látið og þóttumst hafa veitt vel.

Þessu næst var farið að dansa. Þjóðdansinn þeirra „Kúlameikí“. Kom þá allir á stað bæði ungir og gamlir og þótti okkur það skrítin sjón, að sjá sumar kerlingarnar dansa sig rennandi sveittar, enda er það mikil erfiðara fyrir það, að þær syngja ástjórnlega með danslaginu.

Við Daníel fórum að biðjast fyrir í hljóði, að við þyrftum ekki að lenda inn í þessari hringiðu, en svo veit eg ekkert af því fyr en stutt og digur stelpa kemur og þrífur í handlegginn á mér, og vill draga mig

fram á gólfið. Ég fór að malda í móinn með hægð, og sagði henni á ensku að ég mundi ekki geta dansað þetta, en hún var bara ákveðin í að sleppa mér ekki, og sagði að allir gæðu að dansa þennan dans, svo ég sá að ekki þýddi að deila við dómarann, og lét aðra ráða um úrslitin. Það er best að vera ekki margorður um þenna fyrsta „Kúlameik" minn en mikið happdrætti mér samt, þegar ég sá Daníel kominn fram á gólfið líka, og vera sig engu fimlegar til en ég, því hefði bara átt að vera kominn til að horfa á okkur.

Þessu næst var sest að snæðingi. Þar var nú margt af mörgu og öllu hrúgað á borðið í einu í stórum ílátum, bæði vaskafötum og emaleruðum byttum, mest var það allskonar garðamatur, t. d. kál, blóðrófur, kebits og karrot. Svo var líka harðsteikt nautaket og sulta úr káli, sem ég get ekki skilið hvernig er tilbúin. Þá var þar líka



brauð á fati einu miklu, og fæ ónot í hálsinn í hvert skifti, sem ég hugsa um það. Ég sá það strax í hendi minni hvernig það er búið til, og skal nú gefa þér leiðarvísi, ef þig langar til að gera þér glaðan dag.

Fyrst er búin til afar þykk flatkaka, þar næst er búið til mauk úr hrísgrjónum og lauk, blönduðu saman, er það svo sett ofan á kökuna og hún svo brotin saman, eins og hálfmáni, þessu næst er hún soðin, sjálfsagt ekki mjög lengi, eða að minsta kosti virtist mér það, og þá er hún tilbúin. Það sem bætti alt upp að hjá hverjum voru sett tvö vatnsglös, annað með brennivíni, en hitt með bjór og var gott að dreypa á þeim ef einhver ónot kom upp í hálsinn á manni, eða svo sagði Templarinn.

Eftir máltíðina söfnuðust allir inn í veislusalinn, og við sáum að eitthvað stóð til, því brúðurin var sest á stól, á miðju

gólfi og allar giftu konurnar og kerlingarnar
í hóp utanum hana. Og nú hófst mikill
söngur hjá kvenþjóðinni, sem eg skildi ekki
eitt orð í, en bráðlega gekk ein fram úr hópn-
um og fór að leysa brúðarslæðuna af henni,
þegar því var lokið stóð hún upp og karl-
inga dansinn dreifðist, en í þeirra stað kom
hópur af ungum stúlkum, ellefu talsins.
Ein gekk fyrst fram til brúðarinnar, og beygði
sig niður og lét hana setja á sig brúðarslæð-
una, dansaði svo við hana nokkra hringi
af „Kúlameiki“, kysti hana svo tvo kossa
og þá var athöfnin búin. Svo kom sú
næsta og þannig koll af kolli, þangað
til þessar 11 voru búnar.

Við vissum fyrst ekkert hvað þetta
þýddi, þangað til síðar um nóttina að okk-
ur var sagt, að þetta hefði alt verið stúlk-
ur, sem vildu giftast og auglýstu sig þannig
í brúðkaupsveislum.



Alt af var dansað og drukkið á milli þátt-
anna, samt ekki kaffi; það þekkist varla hjá
þeim, ekki heldur kaffibrauð. Mest var dans-
aður þjóðdansinn; dálítið bæði „Foxtrott“ og
„Vals“. Við félagar urðum að dansa, hvort við
vildum eða ekki, enda komu allir hlæjandi
vel fram við okkur og sögðu að við værum
good boys og klöppuðu okkur á herðarnar.

Eitt var það líka það, sem vakti undrun
okkar í þessari veislu og það var framkoma
unga fólksins hvað við annað. Því er leyfi-
legt að kyssast og faðmast eins og hvern
lystir, án þess að til þess sé tekið. Það
eru álitin forréttindi í brúðkaupsveislum.
Lítið var um illindi þarna, lítils háttar
skærur, helst milli yngri manna út af kven-
fólki. Tveir karlar slógust líka dálítið, en
það var hægt að skilja þá í tíma.

Við fórum heim kl. 6 um morguninn;
þá stóð dansinn sem hæðst, enda er grey-

unum ekki láandi þó þeir lyfti sér upp í brúðkaupsveislum, því það er ein kreddan í trúarbrögðum þeirra, sem bannar þeim (að dansa í 6. vikur á eftir.

Eg gleymdi að geta þess, að brúðhjónin voru gefin saman í kyrþey, áður en veislan byrjaði og þau meiga ekki sofa saman fyr en alt er afstaðið.

Eg hafði reglulega gaman af þessu ferðalagi, og gleymi því sjálfsagt seint. Alt var svo nýstárlegt fyrir mig og frá mínu sjónarmiði eiga Gallar heiður skilið fyrir það hvað þeir eru fastheldnir við þá siði, sem tíðkast heima á þeirra ætt-landi; það er mikill munur eða með landa hér, sem alt herma eftir enskum, bæði gott og ilt.

---



# Blaðgrænan.

—

Ef einhver spyrði sem svo, hvar helst væri lausnar að leita á ráðgátu lífsins, þá mundi þeim hinum sama eflaust álíta sér vansvarað, ef honum væri vísað í þá átt, sem liggur til jurtaríkisins, til blaðgrænu plantnanna, en þó væri sú tilvísun ekki óviturleg.

Jurtirnar, þessi voldugi lífmeiður, sem breiðir lim sitt með dæmafárri fjölbreytni og litskrúði yfir víða veröld, hafa allar eitt sameiginlegt einkenni, græna litinn — blaðgrænu. Hún er mynduð úr afar flóknum efnasamböndum, sem ekki verður hér lýst, en aðal myndunarefni hennar er svo kallað „hvítfrymi", sem er í ætt við rauðu blóðkornin í blóði manna og dýra, ennfremur er í blaðgrænu talsvert af járnsamböndum.

Hvert er þá hlutverk blaðgrænunnar?

Það er að breyta hinum ólífrænu efna samböndum náttúrunnar í lífrænar fæðutegundir handa jurtum og dýrum og mönnum og á þann hátt viðhalda öllu lífi á jörðinni, því engin lífvera hér á jörðu er þess megnug að vinna slíkt afrek, utan plantan, með hjálp blaðgrænunnar. Uppspretta lífsaflsins, orkunnar, er sólin með öllu sínu geislamagni, það afl dregur blaðgrænan til sín og notar til að kljúfa í sundur hinar ólífrænu frumeindir, eins og kolsýrunnar og halda þar eftir dýrmætri fæðutegund kolvetnunum, sem er aðalefnið í flestöllum afurðum frá jurtaríkinu. Allar lifandi verur meiga því með réttu beint og óbeint, skoðast sem ljóssins börn. En ekki er hins heillaríka starfi jurtanna þar með lokið, því svo má heita, að lífsstarfi jurtanna meigum við þakka mestalla starfrækslu, sem við menn höfum hag-



nýtt hér á jörðu, að undanskildinni þeirri litlu starfsorku, sem menn hafa fengið með því, að láta vindinn vinna fyrir sig, eða sjáfaröflin, eður sjálft vatnsmegnið í ám og vötnum. Þá höfum vér sótt mestalla starfsorku vora til iðnaðar og annara fyrirtækja í jurtaleifar jarðarinnar, í viðinn, viðarkolin, steinkolin og steinolíuna. En hvaða afl binda nú þessar nefndu jurtaleifar í sér? Það er mestmegnis gömul sólarorka, sem jurtir löngu liðinna alda hafa breytt í efnaorku og geymt síðan svo trúlega, að enda þótt sjálfar jurtirnar séu orðnar að steini, eins og steinkolin og hafi legið svo þúsundum eða jafnvel miljónum ára í skauti jarðar, þá má leysa þar hin bundnu öfl úr læðingi.

Þegar vér nú brennum kolunum, hvort heldur er í smiðjunni, eldavélinni, eður undir gufu katlinum og olíunni á lömpunum okkar, þá kemur sólarorkan aftur í ljós.

sem geislaorka, eður eldur brennandi og hitar járnið í aflinum og vatnið í katlinum eðar hitar og lýsir húsið þar sem lampinn stendur.

Það mun því ekki af djarft mælt, að mest-öll lífsorka vor og önnur starfræksla ~~vor~~ eigi rót sína að rekja til blaðgrænunnar í jurtunum. Hún hefir frá upphafi vega sinna gjört lífverunum það kleyft, að lifa og þróast og margfaldast, með því að breyta orku sólarinnar í efnaorku og af því leiðir að mikið af leyndardómum lífsins er fólgið efnasamböndum og starfsháttum hennar.

Vér höfum að svo komnu náð svo langt, að skynja hina djúpsæn tilveru, og að við vitum hvar leyndardóma lífsins er helst að leita.

Blaðgrænan myndast ekki nema við birtu sólarinnar. Sé grænni plöntu haldið í myrkri, þá missir hún græna litinn og bliknar upp. Að vísu deyr



hún ekki, á meðan hún eyðir þeim orkuforða, sem hún átti yfir að ráða, en hún reynir að teygja renglur sínar, eins langt og hún getur í áttina til sólarljóssins, og sé hún aftur látin verða fyrir áhrifum ljóssins, þroskast hún og dafnar á ný.

Blaðgrænan er fyrir jurtina eins og kalkið er fyrir beinin, eins og lífsloftið viðheldur líkamans hita og eldsins loga, eins viðheldur hún jurtaríkinu.

M. G.

## Staka

–

Fagnar prýði foldin græn
flúin stríðum boga
rís í hlíðum vermist væn
vors um blíða daga.

S.

# Nautgriparæktar-félög.

Flestar menningarþjóðir stunda nautgriparækt. Þeir hafa þá nautgripi til þess að breyta orku fóðursins í aðra orku, t. d. í mjólk. — Við hér á landi höfum kýrnar nær eingöngu til að breyta fóðurorkunni í mjólkurorku og eftir því hvernig kúnum tekst þetta, fer hve við teljum þær góðar. En hér sannast hið fornkveðna, „að það er misjafn sauður í mörgu fé". Kýrnar eru afar misjafnar og þessi munur þarf að verða okkur mjög ljós, því á honum byggist það, að við getum bætt kýrnar. Fyrir 500 árum síðan mjólkuðu kýr Lofts ríka helmingi minna en kýr okkar gera nú, bæði að meðaltali, og eins og okkur hefir tekist að tvöfalda gæði



gæði þeirra á 5 öldum eins á okkur nú að takast að tvöfalda gæði þeirra á 50 árum. En til þess að við vinnum að því af áhuga, verður okkur að vera ljós munurinn á kúnum okkar. Og hver er hann þá? Bestu kýrnar okkar mjólka um 5000 kg. mjólk yfir árið, en þær nýtilegstu 4 sinnum minna að 1250 kg. og jafnvel minna.[1] Í báðum tilfellum er þó einungis að ræða um kýr, sem ekki hlekkist á að neinu leyti. En nú kann

---

[1] Það er haft eftir sögn Bjarna Halldórss. sýslum. á Þingeyrum, að 100 kýr Lofts ríka, hafi jafnaðarlega mjólkað 15 fjórðungsfötur í mál, „það gerir 6 merkur undan kú hvern dag í árinu og verða þá 1095 pottar mjólkur undan kú um árið". — Sennilega má telja að kýr forfeðra vorra, á meðan kúnum var mikið beitt og kúabúin voru sem stærst á 12–16 öld — muni að meðaltali eigi hafa mjólkað meira en 1000–1100 potta yfir árið. Á 18. öld telja fræðimenn

einhver (að spyrja sem svo: Þær éta þá þeim mun minna, svo þetta jafnar sig. En það gera þær ekki. Það er nú eitthvað annað. Kýr sem ekkert mjólkar bara lifir, þarf til þess að haldast við 7 kg. af töðu, sé hún af meðal stærð. Þetta köllum við viðhaldsfóður. Mjólki kýrin þarf hún viðbótarfóður, það köllum við afurðafóður. Og af því þarf hún því meira, sem hún mjólkar meira. Sé nú meðal innistöðutíminn 260 dagar, þá þarf meðal kýrin til viðhalds 1860 töðueiningar.

---

* að kýrnytin sé komin upp í 1600 potta yfir árið. Á 20. öld er meðalkýrnyt talin 2000–2300 pottar. — Geta má þess að ekki hafi verið há nyt úr kúnum á Miklabæ árið 1476. Þá voru þar á fóðri alls 69 nautgripir, þegar þeir sr. Sigmundur Steinþórsson og Einar Björnsson vendu Jón prest Broddason á Miklabæ. Af því voru 37 kýr og 32 nautgripir aðrir, og þó túnið á Miklabæ sé stórt og engjaland gott, hlýtur vanfóðrun að hafa verið á nautgripum þessum, auk alls annars fénaðar sem á staðnum hefir verið. — St. J.
(Sbr. Dipl. isl. VI bls. 76)



Upp og niður fást nú 2 kg. mjólkur fyrir 1 töðueiningu. Kýr sem mjólkar því 5000 kg. mjólkur þarf:

7 kg á dag í 260 daga eða 1860 töðueiningar
og 2500 töðueiningar til að mynda mjólk af eða - - - 2500 töðuein.
Alls. 4360

Því skal skotið inn í til að fyrirbyggja misskilning, að af tómri töðu geti engin kýr étið nógu mikið til að mjólka 5000 kg., en hún þarf þetta af töðugildi, sé hún af meðal stærð.

Látum svo annan bónda hafa 4 kýr sem mjólka 1250 hver, eða allar jafnt hinni einni. Engin ástæða er til að ætla að þær séu ekki jafn stórar og þarf þá hver þeirra jafnt og hin til viðhalds eða allar, 4 . 1860 sama sem 7440 kg. töðu og til að mjólka 5000 kg. þurfa þær 2500. Allar 4 þurfa því 9940 töðueiningar, eða meira en helmingi meira en hinn bóndinn þurfti handa sinni einu kú.

Af bóndinn sem átti þessar 4 kýr, seldi þær allar og fengi sér 2 jafngóðar þeirri, sem hinn átti þá gæti hann fengið helmingi meiri mjólk, en átt þó ofurlítinn fóðurafgang. Af þessu dæmi er hagurinn af góðu kúnum augljós. Og þó er hann meiri en því sést. Kostnaður við haga, hirðingu o.s.fr. verður minni hjá þeim, sem á 2 góðar kýrnar, en hinum sem á þær 4 verri. og öðrum er meir. en helmingi meiri. Einhver kann að segja, að þetta sé nú tilbúið dæmi, og það er satt, en það gæti vel verið til, og eg skal nefna virkilegt dæmi sem sýnir muninn. Tvær kýr, sem voru maðgur, austur í Mýrdal, eign ekkju þar, mjólkuðu að meðaltali í fleiri ár 7683 kg. báðar til samans og átu 7489 fóðureiningar, eða rétt við meðaltal miðað við nýtheð. Ekkjan, sem hét Sólveig, átti ekki nema þessar 2 kýr. Sömu árin átti bóndi í Landeyjum 5 kýr í fjósi sínu og þær mjólkuðu í 2 ár að meðaltali á ári, 7720 kg, eða



ofurlítið meira en hinar 2, en þær átu líka 13200 fóðureiningar, eða nærri því helmingi meira. Og hefði Landeyjabóndinn fengið sér 2 kýr eins og kýr ekkjunnar, þá gat hann nærri því fóðrað 4 slíkar kýr á fóðrinu sínu og fengið úr þeim fjórum helmingi meiri mjólk, en hann nú fékk úr sínum 5. Og það hefði verið betra fyrir budduna. Á því er ekki vafi. Þetta þurfa menn að skilja. Með því að hafa slæmar kýr, láta menn krónurnar hrynja úr buddunni, en góðu kýrnar mjólka stóra seðla beint í budduna. Og þegar mönnum verður þetta ljóst, þá kemur áhugi á því að bæta kýrnar. Þennan skilning þurfum við Skagfirðingar að glæða, því við þurfum að bæta okkar kýr, ekki síður en aðrir.

Til þess að finna þennan mismun á kúnum eru stofnuð eftirlitsfélög. Þau eru ekki gömul. Það elsta er um 30 ára, og

það var stofnað af konum. Það eru ekki mörg búnaðarframfara mál, sem konurnar beint hafa ýtt á stað, en hér er þó eitt slíkt. Í kaffi samkvæmi var eftirlitsfélagið stofnað, af konum. En þó konurnar hafi ekki komið opinberlega fram oft, má vel vera að þær með áhrifum sínum á menn sína, hafi komið fleiru af stað en okkur grunar. En þeim er ekki þakkað það. En hér eru það þær, sem voru stofnendurnir. Tilgangurinn var sá að fá glöggan samanburð á gæðum kúnna, með því að vigta vikulega, fóður það er þær þurftu og afurðir þær, er þær gáfu.

Áður voru til í Danmörku félög, sem kölluð voru nautafélög og þar héldu menn í samlögum naut handa kúm sínum. Þessi félög bárust svo saman, og var þá steypt úr þeim eitt félag, sem við höfum kallað nautgripa-ræktarfélag. — Við skulum nú reyna að gera okkur ljóst hvaða erindi þessi félags-



skapur á til okkar, og hvaða gagn hann getur gert. Og við skulum þá fyrst snúa okkur að því, hvað þau eiga að gera. Það má segja það í stuttu máli í fáum setningum: Þau eiga að láta menn vita hvernig hver einasta kýr er, og þau eiga að verða til þess, að kýrnar sem aldar eru upp innan félagssvæðisins, taki mæðrum sínum fram, svo að meðal-kýrin sem upp er alin í félaginu batni.

Og hvernig starfa þau þá að þessu takmarki?

Félagssvæðið er misstórt. Heppilegast er að svæðið sé bundið við hreppatakmörk, en þó er best að það sé ekki stærra en það, að hvað húsafjölda og fjarlægð milli bæja snertir, megi komast af með eitt naut fyrir allt svæðið. Sé það ekki, er svæðið oft haft í deildum, og er þá sitt nautið í hverri deild, og þá best að deildirnar séu af þeirri stærð, að mátulegt sé að hafa sitt nautið í hverri.

Fullorðnu nauti má ætla margar kýr, hve margar fer eftir því, hvað leiða á nautið eða kýrnar, en 100 – 150 má ætla fullorðnu vel með föðru nauti. — Með tilliti til þessa verður svo félagssvæðið að ákveðast.

Altaf eru menn viðkvæmir fyrir fjárútlátum, og því ríður á að rannsaka vel, áður en félagið er stofnað, hver þau verða, svo menn þar verði ekki fyrir vonbrigðum. Kostnaðurinn er tvennskonar, stofnkostnaður og rekstrarkostnaður.

Stofnkostnaðurinn er þá fyrst og fremst nautið, sem helst þarf að kaupa og sem ekki má vera ungt eigi það að notast mjög mikið. Hér verður að velja eftir líkum. Um gömul naut, sem reynsla er fengin fyrir, hvernig reynast, er ekki að ræða, enn sem komið er, og því ekki heldur um hátt nautaverð að ræða. En líkurnar eru misjafnar. Veldur þar ætternið mestu og ríður á, að það sé gott í báðar ættir. Af ytra útliti verður aldrei með vissu sagt, hvaða eigin-



leikar búi í nautinu, og ætterni rennir máske grun í það, en vissa fæst fyrst, þegar nautið sést í dætrum sínum. Það ríður því á, að nota nautið svo lengi, að sú vissa fáist. Því hafi nautið verið gott og það sést fyrst í dætrum þess, sem þá mjólka betur en mæður þeirra gerðu, þarf að nota nautið lengi – mörg mörg ár – svo allar kýr á félagssvæðinu verði út af því komnar. Sem dæmi skal eg nefna tvö naut, Sóta sem notaður var í Möðruvallaplássi í Eyjafirði, og undan aldar 6 kvígur. Mæður þeirra mjólkuðu 2730 kg. að meðaltali, en dætur þeirra og Sóta mjólkuðu 3420 kg. En þegar þær voru orðnar fullorðnar kýr var fyrir löngu búið að drepa Sóta, og því ekki hægt, að nota sér hans góðu eiginleika, sem fyrst þá sáust greinilega — Annað dæmi: Bændur í Mosfellssveit ætluðu fyrir nokkrum árum að mynda félag og fólu Magnúsi á Blikastöðum að kaupa naut. Hann gerði það, en þeim þótti það of dýrt,

og félagið gliðnaði. Magnús og annar bóndi til, Bjarni á Reykjum, hafa síðan átt nautið, og nú eru allar yngri kýr þeirra undan því. Og þær reynast svo, að þær mjólka undir 1000 kg. meira en kýr hinna bændanna, og mikið meira en kýr ~~hinna~~ [þeirra] Magnúsar og Bjarna, sem annars voru bestu kýrnar þar um slóðir áður, og þá því frekar nú. Magnús á nú nythæstu kú landsins, sem mjólkar 5421 kg. um árið.

Mikið veltur á því að félagið nái í gott naut, en ekki minna á hinu að félaginu auðnist að halda því og nota það þar til að menn sjá kosti þess. Það á að halda í það dauða haldi og sleppa því ekki uns reynsla fæst á því, hvernig það er.

Að sumrinu þarf að geyma nautið svo, að það geri ekki óskunda á kúm manna. Það má gera með því að hafa það í hlíðarhafti, eða hafa það í afrétt, þar sem svo hagar til, ~~eða~~ og í girðingu, sem til þess er gerð. Í nauta-



~~gifra~~ girðingu þarf að vera valllendis gróður, vatn og skjól. Búnaðarfélag Íslands veitir styrk til þess að koma upp nautagirðingum með allt að 1/4 af stofnkostnaði girðingarinnar, gegn því að girðingunni sé haldið við í 15 ár og félagið starfi þann tíma að kúakynbótum. Sé þessa ekki gætt endurborgast styrkurinn, og ber því frekar að skoða hann sem rentulaust lán, sem þó getur orðið eign félagsins, en styrk. — Þá þarf félagið að eignast fitumæli, svo hægt sé að gera fiturannsókn í mjólkinni, og kostar hann með 8 glösum um 170 krónur. Verið getur líka að félagið þurfi að kaupa land undir girðinguna. Þetta er þá stofnkostnaðurinn hjá heildinni, en þar við bætist að hver einstakur félagsmaður þarf að kaupa bók, til að færa inn í og kostar hún kr. 2,00 og reislu, eigi hann ekki slíka fyrir, og kostar hún um 12 kr. sé hún góð.

En nú kemur, fram sú spurning hvern-
ig fá eigi stofnkostnað þenna. Það má með
mörgu móti, og skal nú á það minst.
Úr hreppssjóði má taka hann, en þar sem
sömu gjaldendur eru ekki í hreppssjóðinum og
þeir sem eiga kýrnar, er það sjaldnast vin-
sælt að fá stofnkostnaðinn á þennan hátt.
En í fámennum hreppum, þar sem aðal gjald-
endur í hreppssjóð eru kúaeigendur getur
þetta gengið. Þá jafna aðrir stofnkostnað-
inum niður á kúaeigendur. Sumir eftir kúa-
tölu, aðrir eftir efnum og ástæðum, enn aðrir
eftir ábúðarhundruðum, eign á skattskrá o.fl.
Rétt er, að taka að minsta kosti að einhverju
leyti tillit til kúaeignar manna, en ann-
ars verður @ finna þá leið til niðurjöfnun-
arinnar, sem menn geta komið sér saman um.

Þá eru enn aðrir, sem fá stofnkostnaðinn með
því @ taka lán, en láta síðan rentur og af-
borganir ~~leggjast~~ koma á árlegan rekstrarkostnað.



Þessi leið er vinsælust í bili, en muna verð-
ur @ hún hækkar árlega kostnaðinn

Árlegi kostnaðurinn er aftur á móti:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kaup eftirlitsmanns | 100 | til | 300 kr |
| Brennisteinssýra miðað við 150 kúa félag. | | | 24 – |
| Amylalkohol | | | 4 – |
| Smurningsolía | | | 2 – |
| Fóðurkostnaður nautsins | 0 | til | 500 |
| Rentur og afborganir af lánum | 0 | til | ? |
| Stjórnar-kostnaður | 0 | til | 20 |

Þetta er til @ gefa mönnum hugmynd um
árlega kostnaðinn. Kaup eftirlitsmannsins
er misjafnt og fer eftir stærð félaganna.
Þeim er ætlað @ fara þrjár ferðir um félags-
svæðið og gera þrisvar fitirannsóknir. Svo
við áramótin @ gera upp reikningana og
senda skýrslurnar til Búnaðarfélags Íslands.
Það er þetta starf, sem þeim er borgað í
kaupi sínu. Þá á eftirlitsmaðurinn að
mæta á fundum félagsins og stuðla þar

að því, að undan þeim kúm væri alið, sem bestar væru, þó þær væru í eign þeirra, sem ekki þyrftu að ala líf kálfa það ár. —
Brennisteinssýran, amylalkoholið, og smurnings-olían, eru alt efni, sem þurfa við feitirann-sóknina, og fást, t. d. á apótekum.

Fóðurkostnaðar nautsins er liður, sem koma má fyrir á ýmsa vegu. Koma nautinu í fóður og hirðingu hjá einum ákveðnum manni og borga honum með því. Það fer að jafnaði best með nautið, en er líka dýrast, hvað bein peninga útlát snertir. Annarsstaðar er svo tekið það ráð, að menn að sumrinu flytja hey á einn stað, og semja við bóndann þar, að fóðra nautið á því heyi. Allir sem ætla að nota nautið, flytja þá hey í tiltölu við kúatölu sína. Þetta getur gengið vel, og er vinsælla af kúaeigendum, en beint peninga meðlag með nautinu. Enn aðrir hafa nautið á bæjunum til skiftis, eftir kúa



tölu félagsmanna. Það reynist misjafnt og er ekki til að ráðleggja, enda þótt þess séu dæmi, að það hafi gengið vel. Um rentur og afborgun þarf ekki neitt að semja og ekki heldur um stjórnarkostnað.

Tekjur félagsins eru svo aftur, styrkur frá Búnaðarfélagi Íslands og er hann kr. 2,00 pr. kú. Hér er reiknað með 150 kúa félagi og því 300 kr. Árgjald félagsmanna sem hæfileg eru kr. 1 pr. kú og því alls kr. ..150 en það sem þá vantar verður að fást með bolatollum og eftir því hvað mikið það er, fer hvað hár þeir þurfa að vera.

Eg vil leggja mikla áherslu á það, að þess sé vel gætt að rannsaka fjárhags-hliðina, áður en félagið er stofnað, svo enginn þar verði fyrir vonbrigðum.

[Niðurlag í næsta blaði]

# Bókasafn lestrarfélagsins.

—

Síðan eg gerðist félagi L.f. Miklabæjarsóknar, hefi eg fjórum sinnum athugað bókasafn þess með öðrum, ýmist með bókavörðum þess, eða einhverjum öðrum þar til kjörnum félagsmanni. Nú síðast með Þorsteini á Hólfsstöðum og bókaverði Friðrik á Miklabæ. Venjulega hefir bókasafnið verið athugað rækilega, bæði ásigkomulag bókanna og þær taldar, og skrásettar. Í fyrravetur á útmánuðum athuguðum við safnið síðast, og töldum bækurnar. Síðan hafa verið bundnar allmargar bækur og mun nú binda tala safnsins vera rúmlega hálft þriðja hundrað. Auk þess eru bækur þær, sem keyptar hafa verið í haust og vetur og óbundnar eru, og svo nokkrar bækur, sem eru í framhaldi, óútkomnar og bíða bands, þar til útgáfu þeirra er lokið. Meðal þeirra bóka, sem bundnar eru, er það allvíða, að



tvö eða fleiri rit eru bundin saman í bindi, og er því bókatala félagsins í raun og veru nokkuð mikið hærri, en bindatalan segir. Við þessa síðustu skoðun safnsins, samdi eg bókaskrá og er hún nú svo að segja fullbúin frá minni hendi, og verður hægt að fá að sjá hana hjá bókaverði. Með því að athuga hana geta félagsmenn séð hvaða bækur er í félagsbókasafninu að fá, en eg hygg að það séu þó nokkrir félagsmenn, sem ekki vita, um allar bækur safnsins, enda er það ekki undarlegt með t.d. nýja félagsmenn. og bókaskráin fyrir alla nokkurskonar lykill að safninu. Eins virðist mér það líta út með eldri félagsmenn, að þeir séu ekki kunnugir bókasafninu, því af útlánsbókinni má sjá það, að ýmsar ágætar fræði og skemtibækur safnsins, eru ótrúlega lítið og sumar alls ekkert lesnar. Það gæti verið nógu gaman að því, ef bókavörður tæki saman skýrslu um það upp úr útláns-

bók félagsins, hvaða bækur það væru, sem helst væru lesnar af félagsmönnum. Það sem sú skýrsla sýndi, gæti meðal annars, ~~verið~~ gefið bókakaupanefndum félagsins bendingu um hvernig heppilegast væri að haga vali bóka í félagið.

Bókasafnið er hjá núverandi bókaverði í ágætri reglu, og lætur hann sér mjög umhugað um safnið, á allan hátt. Mikill megdoraukli að hirðingu safnsins, er það, að bækurnar eru í lokuðum skáp, en nú er hann orðinn of lítill og ættu nú nokkrir, eða allir félagsmenn, að skjóta saman og láta smíða skáp til viðbótar. Hann þyrfti ekki að vera mjög stór, til þess, að fullnægja bóka viðbót nokkurra næstu ára.

Þá er enn að minnast á eitt atriði. Eins og þeir muna, sem voru á síðasta aðalfundi félagsins, lögðum við þrír fram greinargerð um síðustu skoðun safnsins og tillögur okkar þar að lútandi: Síðasti liður þeirra tillaga, var um nokkrar bækur, sem við álitum að rétt væri að selja.



Þær bækur voru þessar:

1. Eimreiðin, hrafl úr mörgum árgöngum.
2. Alþingisbækur, IV b. 4 h. V. b. 1 h.
3. Íslendingasaga Boga Th. Melsteds, I b. 1 h. (annað og 3ja? h. vantar) II bindi heilt. III bindi 1 h. (vantar 2að h) 3–4 h.
4. Safn til sögu Íslands, III 5. h. IV 1–2 (vantar 3ja h.) 4 h. (vantar 5. h.) 7. 8 og 9. hefti. V b. (vantar 1 h.) 2. 3ja og 4 h.
5. Bygging og líf plantna, 2að hefti (vantar 1 hefti)
6. Skólameistarasögur, 6. hefti (vantar 1–5. hefti)
7. Landsyfirréttardómar, II b. 4–5. hefti
8. Iðunn, hrafl úr mörgum árgöngum.

Ástæður fyrir því, að við lögðum til að bækur þessar yrðu seldar, voru tilgreindar í fyrnefndri greinargerð okkar og þýðir ekki að endurtaka þær hér, en fundurinn samþykkti tillögur okkar, að heita mátti óbreyttar, bæði hvað þessar bækur snerti og annað fleira, viðkomandi óbundnum bókum félagsins.

Þar eð stjórn félagsins var falið að sjá um sölu á fyrnefndum bókum, geta þeir, bæði félagsmenn og aðrir, sem vildu kaupa þær, snúið sér til stjórnar félagsins, sem gefur upplýsingar um verð þeirra og útvegun á þeim heftum, sem í sumar þeirra vanta. Bækurnar, eða hin einstöku hefti þeirra, eru allflestar í sæmilegu útliti og ásigkomulagi, að undanskildum nr. 1 og 8., sem eru mjög í blöðum, þó einstöku hefti séu þar nokkuð heilleg.

Stefán Jónsson.

---

Þeir, sem ætla sér að senda „Viljanum" ritgerðir eða annað, til birtingar í blaðinu, ættu að senda það hið fyrsta til ritnefndarinnar, svo að það geti komið í næsta blaði.

Ritnefndin.

1998
ergen